

Ed.

345. Nefndarálit

[39. mál]

um frv. til laga um kornrækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. vill gera allmiklar breytingar á frv., en á þær getur minni hl. ekki fallizt.

Frv. um kornrækt hefur verið flutt á nokkrum þingum, en ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu.

Í frv. þessu er kveðið svo á, að ríkisframlag til kaupa á kornyrkjuvélum skuli nema allt að 50% af kaupverði þeirra, þó ekki yfir 200 þús. kr. til hvers kornræktarfélag, enda sé akurlendi þá minnst 10 ha., svo að tryggð sé full nýting hvernig vælasamstæðu. Enn fremur, að greiða skuli sama framlag úr ríkissjóði á hvern ha. við frumvinnslu lands til kornræktar og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar og síðan árlega helming þess á hvern ha. akurlendis.

Sú reynsla, sem fengin er af kornrækt hér á landi, ásamt góðum skilningi bændastéttarinnar á nauðsyn þess að efla landbúnaðinn og gera innlenda framleiðslu sem fjölbreyttasta hefur leitt til þess, að áhugi bænda á kornrækt fer vaxandi og að kornframleiðsla hefur aukizt að miklum mun að undanfögnu. En þar sem stofn- og kostnaður við kornrækt er mikill, þarf ríkisvaldið að veita henni fjárhagslegan stuðning, eins og lagt er til í frv. þessu.

Það bætir að jafnaði hag hvers bónda að hafa framleiðslu búansins svo fjölbreyttu sem við verður komið á hverjum stað með hóflegum kostnaði. Og fjölbreytni í framleiðslu eykur öryggi búskaparins. Kornrækt á því að geta orðið bændum, sem hana stunda, til fjárhagslegs stuðnings.

Aukin kornrækt er þó ekki fyrst og fremst hagsmunamál bændastéttarinnar, heldur hefur málið þjóðhagslegt gildi. Það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að landið sé vel nytjað og að hagnýtt séu góð atvinnuskilyrði, sem fyrir hendi eru. Með vaxandi fólksfjölda þurfa að koma nýjar atvinnugreinar og aukin atvinna. Efling landbúnaðarins og aukin fjölbreytni á því sviði stuðlar að jafnvægi í byggð landsins.

Ef ræktað væri hér á landi svo mikið magn af korni til fódurs, að fella mætti niður að mestu eða öllu leyti innflutning á fódurvörum, yrði að því verulegur sparnaðar á erlendum gjaldeyri.

En til þess að hægt sé að leggja stund á kornrækt með góðum árangri og hagnýta uppskeruna án mikils vinnuafls, þarf allmikinn vélakost. Stofn- og kostnaðurinn mun því hindra, að kornrækt aukist svo sem þörf er, nema veittur verði af hálfu ríkisins fjárhagslegur stuðningur vegna vélakaupa og vinnslu lands til kornræktar.

Minni hl. nefndarinnar telur, að ekki dragast lengur en orðið er, að sett verði löggjöf um kornrækt, og að í frv. þessu sé ekki of langt gengið með fjárhagslegan stuðning af hálfu ríkisins.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1962.

Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.
frsm.